

Fundur stjórnar ÆSKP 10. Ágúst 2020 í Grensáskirkju

Mætt: Katrín Helga, Anna Lilja, Berglind, Aldís Elva, Hákon Darri og Daníel Ágúst. Einnig situr Jónína Sif fundinn. Úr landsmótsnefnd situr Kristján Ágúst Kjartansson einnig fundinn.

Fundur hófst kl. 17.30

Faith for Earth Coalition

Til að formgera aðkomu trúfélaga að Heimsmarkmiðunum hefur UNEP unnið að því að setja á fót alþjóðleg samtök Faith for Earth Coalition <https://www.unenvironment.org/about-un-environment/faith-earth-initiative>. Um er að ræða einstakt framtak sem sameinar helstu trúfélög um þessi mikilvægu markmið og umhverfisvernd almennt.

Ráðstefna um málefni verður haldin hér á landi og verður Opnunarathöfnin í Skálholti eftir hádegi 8. okt. 2020. Á opnunarathöfnina verður boðið fulltrúum helstu trúarbragða heims, fulltrúum stjórnvalda hér heima og líklega fulltrúum norænna stjórnvalda. Síðan hefst tveggja daga fjar-vinnufundur með fagfólki, trúarleiðtogum og vísindafólki í Skálholti og í hverri heimsálfu fyrir sig í samvinnu við Religions for peace <https://rfp.org/>. Ísland verður hjartað í þessari hnattrænu samræðu um samvinnu trúarbragða í þágu jarðar. ÆSKP og ÆSKR var falið að finna fulltrúa ungsfólks á ráðstefnunna og mun Hákon Darri taka þátt fyrir okkar hönd.

Kirkjuþing unga fólksins

KUF var frestað vegna kórónuveirunnar. Tekin verður staðan hvort að hægt verður að halda það með einhverjum hætti áður en hið almenna kirkjuþing verður í september.

Haustnámskeið

ÆSKP og ÆSKR ætla að funda vegna haustnámskeiða. Kristján heyrði orðróm um að innandyranámskeiðið yrði á netinu. Einnig væri hægt að hafa námskeiðið inni í kirkju þar sem væri rúmt um alla.

Hugmynd um að fá fulltrúa frá Samtökunum '78 til að vera með fræðslu. Það verður að vera í persónu en ekki í gegnum netið.

Það sem leiðtogar verða að tækla núna er: Hvernig mætum við unglíngunum okkar í þeim aðstæðum sem eru í samfélaginu í dag? Vorið var furðulegt og svo kom sumarfríið ofan í það, svo aðstæður eru erfiðar og miklar áskoranir í barna og unglíngastarfi.

Landsmót

Ákveðið var að halda landsmótsundirbúningi áfram eins og það verði haldið. Nefndin verður dugleg að fylgjast með stöðu mála og taka stöðuna ef að það þarf að fresta eða aflýsa mótinu.

Á Landsmóti þurfum við að vera með ákveðnar sóttvarnir. Herbergjaskiptingin þarf að byggjast á því að blanda kirkjum ekki saman í herbergi.

Jónína hefur verið að hanna plaköt fyrir mótið. Hugmyndin er að það verði í einfaldari kantinum þar sem aðeins helstu upplýsingar komast á framfæri.

Fundi slitið kl. 18.54.